# Skuldbinding háseta

## 1. grein.

Vjer, sem hjer ritum nöfn vor undir, erum ráðnir til að fara sem hásetar næstkomandi vertíð með skipstjóra N. N. er stýrir skipinu N. N., sem ganga skal til hákarlaveiða hjer

vid land, og lofum vjer, ad vera komnir til skipes á til teknum tíma med svo mikinn mat og farangur, sem skipstjóri á kvedur, til ad setja skipid fram og koma fyrir seglum og reida, og eigi skulum vjer skilja vid þad uppfrá því, nema skipstjóri leyfi. Vjer heitum og því, ad vera skipstjóra, eda hverjum ödrum, sem skipstjórn verdur falin, án nokkurra mótmæla eda möglunar, hlýdnir og eptirlátir vid öll sjómannastörf og hvert þad verk, sem oss verdur skipad, jafnt á nótt sem degi, og í öllu stunda sem bezt veidiskapinn og hag útgjördarmanna, svo sem rádvöndum hásetum hæfir og ber. Enn lofum vjer því, ad vanrækja ekki störf vor med því ad fara á land, þar sem skipid kemur á hafnir nema skipstjóri leyfi, eda rá, sem þá hefur skipstjórn á hendi, og aldrei vera lengur burtu frá skipinu, en oss er leyft.

## 2. grein.

Farist eitthvað af skipinu fyrir vangá eða handvömm vora, skuldbindum vjer oss til að borga það, og má taka svo mikið sem því nemur af hlut vorum, þá er aflanum er skipt, ef vjer eigi þegar getum komið fyrir oss bótum á annan hátt.

## 3. grein.

Ef skip brýtur við land, og vjer komumst lífs af, skulum vjer skyldir til að bjarga af því svo miklu, sem verður, enda hverfa eigi frá, fyr en vjer höfum komið því á óhultan stað, og hlýða skipstjóra, eða hinum færasta þeirra, er af komast, við þetta verk, eins og hvað annað, sem hásetum er skylt.

## 4. grein.

Gjöri einhver af oss hásetum sig sekan í óhlýðni við skipstjóra, edur þann er skipstjórnin er falin, ellegar sje

hann optar en einu sinni svo ölvaður, að hann eigi getur gegnt störfum sínum, þá skuldbindur sig hver og einn af oss, sá er sekur verður, til að fara frá skipinu, þegar heim kemur ef skipstjóri svo býður, og gjörir þá sá hinn sami eigi tilkall nema til hálfs hlutar úr þeirri ferð.

## 5. grein.

Meðan skipinu er haldið til veiðiskapar, skal oss skylt að fara með því og eigi hverfa frá, fyr en búið er að setja það og ræsta og leysa af segl og reiða, ef þetta er gjört jafnskjótt og veiðiskapnum er lokið; en sje það eigi gjört þá þegar, áskiljum vjer oss, (~~áskiljum vjer oss~~) að mega fara frá skipi, þar til skipstjóri kveður oss til uppsetnings. Heimilt skal þá og hverjum þeim, er í fjarlægð býr við uppsátrið, að útvega í sinn stað annan mann, er skipstjóri tekur gildan.

## 6. grein.

Fari nokkur af oss frá skipi að forfallalausu, áður tíðinn er sá tími, sem um var samið, missir hann hálfan hlut úr næstu ferð á undan, ef nemur 30 r.d. eða meiru. Sje hluturinn eigi svo mikill, skal hann lúka það, er til brestur. Brigði nokkur af oss gjörðan samning, áður skip er sett fram, geldur hann 30 r.d., en 5–10 r.d. ef eigi kemur hann til skips í eindaga, og gengur þetta gjald til útgjörðarmanna.

## 7. grein.

Heimilt skal skipstjóra að vísa úr skiprúmi hverjum af oss hásetum, sem eigi er svo búinn að klæðum, skinnfötum og nesti, að hann fullkomlega geti unnið ætlunarverk sitt. Það skal og varða brottrekstur, ef einhver af oss hefur ramman eða mjög viðbjóðslegan sjúkdóm.

## 8. grein

Sje einhver eigi ráðinn á skipið nema eina ferð, eða skemur en alla vertíðina skal þess getið við undirskript hans á þessari skrá, ella er sá samningur ómerkur, og háseti skyldur að vera á skipinu, meðan vertíð stendur. Sá háseti, sem er hjú annars, skal sýna skipstjóra skýrteini fyrir því frá húsbónda sínum, að hann samþykki skipsráðninguna.